



Markaðspunktur í dag:

- Verðbólguþá: +0,5% hækkun í október



Verðbólguþá: +0,5% hækkun í október

Greiningardeild spáir því að verðlag í október hækki um 0,5%. Gangi spá okkar eftir mun tólf mánaða verðbólga mælast 3% samanborið við 3,7% í september. Samkvæmt bráðabirgðaspá gerir Greiningardeild ráð fyrir **0,75% hækkun** Vísitölu neysluverðs (VNV) næstu þrjá mánuði (+0,5% í október, + 0,15% í nóvember og +0,1% í desember).

Bráðabirgðaspá okkar gerði ráð fyrir 0,2% hækkun Vísitölu neysluverðs (VNV) í október en breytinguna frá þeirri spá má rekja til þess að stærsti hluti verðskrárhækkana Orkuveitu Reykjavíkur (OR) kemur fram fyrir en áður var talið.

Hitinn hækkaði í október – en rafmagnið hækkar í nóvember

Í heild mun gjaldskrárbreyting OR leiða til 0,39% hækkunar verðlags. Hækkunin skiptist þó í tvo hluta, þ.e. gjaldskrárbreytingu á heitu vatni og rafmagni. En þann 1. október sl. hækkaði verð á heitu vatni (0,27% áhrif á VNV) og sölu rafmagns (0,01 % áhrif á VNV) –heildaráhrif vegna þessara hækkana verða því í kringum **0,28% til hækkunar VNV** og koma þá fram í október. Afgangurinn af fyrirhuguðum hækkunum OR, þ.e. sá liður er telst til dreifingar rafmagns, bíður þó enn staðfestingar Orkustofnunnar. Þessi liður kemur því líklega ekki fram fyrir en í fyrsta lagi í nóvember og verða áhrifin í kringum **0,1% til hækkunar VNV**.



Helstu þættir í októberspánni:

- **Hiti plús sala á rafmagni.** Hitareikningur borgarbúa hækkaði um 35% 1.október síðastliðinn. Sala á rafmagni hækkaði einnig en áhrifin eru óveruleg. Heildarverðlagsáhrif beggja liða eru um +0,28%.
- **Eldsneytisverð.** Eldsneytisverð hér á landi var stöðugt í mánuðinum en hækkaði lítillega stuttu eftir síðustu verðmælingu í september og mun sú hækkun því mælast í október (verðlaglagsáhrif +0,05%).
- **Húsnæðisliðurinn.** Miðað við verðmælingar FMR er líklegt að húsnæðisliðurinn dragi verðbólguna niður í mánuðinum. Gerum við ráð fyrir svipuðum áhrifum og í september (verðlagsáhrif -0,05%).
- **Aðrar hækkanir/lækkunir.** Við gerum ráð fyrir að matvöruverð hækki lítillega. Hins vegar höfum við séð áhrif styrkingar krónunnar koma fram að undanfögnu og ekki er ólíklegt að einstakir vöruflokkar lækki á móti í október.

Verðbólgan 2% í árslok?


Að okkar mati er lítil verðbólga framundan og ef við horfum á síðustu mánuði ársins er ekki ólíklegt að verðbólgan verði komin niður í kringum 2% í árslok. Óvissa í spá okkar snýr einna helst að hrávöruverði, en samkvæmt okkar heimildum eru talsverðar verðhækkunir framundan á ýmsum hrávörum (t.d. eggjum, hveiti, kaffi, pasta, svínakjöti og kjúkling).

Bráðabirgðaspá fyrir næstu mánuði:

- **Nóvember: +0,15%.** Hér vegur þyngst restin af gjaldskrárhækkun OR eða 0,11% til hækkunar á verðlagi. Styrking krónunnar undanfarið mun halda aftur að frekari verðhækkunum á öðrum liðum og líklega einhverjir liðir lækka vegna hagstæðrar gengisþróunar. Heimsmarkaðsverð á hráolíu (mælt í íslenskum krónum) hefur hins vegar verið að hækka að undanfögnu og því hugsanlega verða einhverjar verðhækkunir á eldsneytisverði í nóvember. Þá gerum við ráð fyrir að matvöruverð hækki vegna hækkana á hrávörum (sbr. umfjöllun að ofan).
- **Desember: +0,10%.** Engar stórar breytingar í mánuðinum. Matvöruverð hækkar líklega eitthvað áfram, en óvissa ríkir um þróun húsnæðis- og eldsneytisverðs.

Forsendur í bráðabirgðaspánni gera ráð fyrir óbreyttu húsnæðisverði út árið, en afar erfitt er að spá fyrir um þennan lið þar sem töluvert frávik hefur oft á tíðum verið á milli verðmælinga FMR og Hagstofunnar.

12 mánaða verðbólga (%)
- breyting milli ára



Markaðspunktur Greiningardeildar Arion banka

Ásdís Kristjánsdóttir	asdis.kristjansdottir@arionbanki.is	444-6968
Davíð Stefánsson	david.stefansson@arionbanki.is	444-6965
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Þorbjörn Atli Sveinsson	thorbjorn.sveinsson@arionbanki.is	444-6973

Ábyrgðarmaður: Ásgeir Jónsson

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar markaðspunktur eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is